



Landskerfi bókasafna

Endurskoðaðar reglur um heimild til skráningar

Fræðslufundur skrásetjara
28. maí 2025

Sigrún Hauksdóttir

Skyldur skrásetjara

- Einn af hornsteinum Gagnis samstarfsins er sameiginleg ábyrgð á bókfræðigrunni Gagnis
 - Í samningi Landskerfis bókasafna við aðildarsöfn Gagnis er kveðið á um að skrásetjarar aðildarsafna fylgi ákveðnum reglum annars hafi skráningarráð heimild til þess að afturkalla réttindi viðkomandi skrásetjara
 - Í upphafi samstarfsins var gerð mjög ítarleg grein fyrir því hvernig staðið skyldi að afturköllun og var skráningarráð mjög meðvitað um ábyrgðina sem fylgdi því að afturkalla heimild til skráningar
 - Reglunum var beitt en það kom aldrei til afturköllunar

Frá upphafi ...

- Var lagt upp með að tryggja gæði bókfræðigrunnsins með því að setja strangar reglur um hverjir mættu skrá
- Á fyrsta fundi skráningarráðs (25. ágúst 2003) kemur fram að brýnasta verkefni ráðsins sé að móta reglur um skráningarheimildir

Skráningarráð - samþykktir

Samþykktir

-  **Skilyrði til skráningarheimildar, 4. mars 2004**
-  **Skyldur skrásetjara, 10. febrúar 2005**
-  **Reglur um afturköllun skráningarheimilda í Gegni, 12. janúar 2006**

Skráningarheimildir

Til að fá skráningarheimild í Gegni þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Að vera bókasafns- og upplýsingafræðingur.
- Að hafa sótt námskeið í skráningu í Gegni hjá Landskerfi bókasafna. Til þess að geta sótt slíkt námskeið þarf viðkomandi að geta sýnt fram á að hann/hún kunni skil á skráningarhugtökum og MARC-sniði.

Ritstjóri Gegnis hefur eftirlit með nýjum skrásetjurum. Standist þeir ekki kröfur áskilur skráningarráð sér rétt til að afturkalla skráningarheimildir. Reglur um skráningarheimildir verða endurskoðaðar reglulega.

Samþykkt á fundi skráningarráðs 4. mars 2004

Erindisbréf skráningarráðs

- Skráningarráðið skal setja reglur um bókfræðilega skráningu og ber verkkaupa [aðildarsöfnum] að hlíta þeim reglum. Skráningarráð hefur umboð til að veita skráningarréttindi í kerfinu og afturkalla þau.“ (samþykkt 9. mars 2007)

Skráningarnámskeiðið



- Skráningarnámskeiðið í Gegni krefjast mikils undirbúnings það þarf útbúa kennslugögn, húsnæði, setja upp skráningu o.s.frv.
- Bakgrunnstékk á öllum hugsanlegum þátttakendum
 - Uppfylla þátttakendur skilyrði um að vera útskrifaðir bókasafns- og upplýsingafræðingar og jafnframt hvort að þeir kunni skil á skráningarhugtökum og MARC-sniði
- Undanþága til skráningarheimilda
 - Áhugasamir (starfsfólk aðildasafna Gegnis) sem voru á lokametrinum með nám í bókasafns- og upplýsingafræði hafa getað sótt um undanþágu til skráningarheimildar og yfirleitt fengið

Það átti að
kenna

Skráningu í Gegni
og kynna
stuðnings- og
hjálparefni



Það átti ekki



Yfirlit – skráningarnámskeið 2024

- Skráning í Gegni – Skráningarreglur og staðlar
 - RDA skráning
 - Hugmyndafræðilegar undirstöður RDA skráningar
 - ICP
 - LRM
 - RDA Toolkit og Handbók skrásetjara
 - MARC21
 - ISBD greinarmerkjasetning
 - Skyldur og samstarf skrásetjara Gegnis

Hugmyndir um að draga úr hæfniskröfum

- Við kerfisskiptin (Aleph/Alma) 2022 voru settar fram hugmyndir um að víkka heimildir til þess að skrá og krefjast ekki lengur þess að skrásetjarar hafi lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði
- Í stuttu máli var þessum hugmyndum ekki vel tekið á meðal skrásetjara í Gegni og almennt meðal bókasafn- og upplýsingarfræðinga svo ekkert var aðhafst í bili

Auglýsing um skráningarnámskeið janúar 2022

.....Að þessu sinni verður ekki gerð forkrafa um að þátttakendur hafi lokið háskólaprófi í bókasafns- og upplýsingafræði. Hins vegar þurfa þátttakendur að hafa lokið og staðist að lágmarki annað hvort námskeiðið **Skipulag upplýsinga (UPP112F)** eða námskeið í skráningu **(UPP101F)** og lyklun/flokkun **(UPP202F)** í bókasafns- og upplýsingafræði frá Háskóla Íslands, eða sambærilegum námskeiðum í skráningu, lyklun og flokkun samkvæmt fyrri kennsluskrám.

Auglýsing um námskeið september 2024

- Forkrafa til þátttöku er að þátttakendur hafi lokið prófi í upplýsingarfræði eða staðist að lágmarki námskeiðið Skipulag upplýsinga (UPP112F) eða námskeið í skráningu (UPP101F) og lyklun/flokkun (UPP202F) í bókasafns- og upplýsingafræði frá Háskóla Íslands. Sambærileg námskeið í skráningu, lyklun og flokkun samkvæmt fyrri kennsluskrám er einnig tekin gild.

Námskeið á háskólastigi

- Ekki auðvelt – framboð á námskeiðum ekki ásættanlegt
- Núna er boðið upp á eitt námskeið annað hvort ár sem heitir

Skipulag upplýsinga (UPP112F)

- Eldri námskeið tekin gild og einnig námskeið erlendis frá
 - Nám í bókasafns- og upplýsingafræði á undir högg að sækja víða erlendis



Ekki boðlegt

- Mjög hamlandi fyrir söfnin – ráða til sín starfsmann til að skrá sem hefur ekki heimild til skráningar
 - Gætu auðveldlega þurft að bíða í tvö ár áður en viðkomandi getur byrjað að skrá



Tuttugu ár án endurskoðunnar

- Reglurnar hafa þjónaða okkur vel og tryggt gæði bókfræðigrunns Gegnis
- Við verðum að fylgja kalli tímans og tryggja að næg endurnýjun verði í “stétt skrásetjara”
- Eðli starfsins mun breytast með tilkomu gervigreinar og meiri sjálfvirkni í skráningu
 - þörfin fyrir sérfræðipækkingu skrásetjara mun ekki minnka en breytast

Breytingar á reglum um heimild til skráningar í Gegni

- Á fundi skráningarráðs 3. apríl voru eftirfarandi breytingar á heilmild til skráningar í Gegni samþykktar:
- Til að fá skráningarheimild í Gegni þarf umsækjandi að hafa sótt námskeið í bókfræðiskráningu í Gegni hjá Landskerfi bókasafna. Forsenda fyrir því að sækja námskeiðið er háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði eða að lágmarki að hafa lokið námskeiðinu „Skipulag þekkingar (UPP112F)“ sem er kennt í Háskóla Íslands eða sambærilegu námskeiði.
- Staðfesting á námi - til að fá samþykki til að sækja námskeiðið í bókfræðiskráningu er nauðsynlegt að senda staðfestingu um fyrrnefnd menntunarskilyrði til skráningarráðs Gegnis.

Skyldur og gæðaeftirlit

Skráning í Gegni er samstarfsverkefni aðildarsafna Gegnis. Bókfræðifærslurnar eru sameign safnanna og bera þau sameiginlega ábyrgð á að skráð sé í samræmi við þær reglur sem eru í gildi hverju sinni. Skrásetjurum ber jafnframt að virða samþykktir skráningarráðs Gegnis og vinna samkvæmt þeim.

Gæðastjóri Gegnis hefur eftirlit með nýjum skrásetjurum. Standist þeir ekki kröfur samkæmt leiðbeiningum og ákvörðunum í Handbók skrásetjara Gegnis hverju sinni (<https://hask.landsbokasafn.is>) áskilur skráningarráð sér rétt til að afturkalla heimildina.



Takmarkanir á réttindum

Ef skrásetjari skráir ekkert í þrjú ár eða lengur áskilur skráningarráð sér rétt til takmarka réttindi til **bókfræðiskráningar í Gegni**. Endurnýjun réttinda verður í samráði við skráningarráð hverju sinni. Skráningarráði er skylt að rökstyðja ákvörðun sína um endurnýjun eða synjun í hverju tilfalli.



Uppfærð síða skráningarráðs

Samþykktir

 Skilyrði til skráningarheimildar - 3. apríl 2025

 Skyldur skrásetjara - 3. apríl 2025

Upplýsingar um skrásetjara er að finna á þjónustugátt Landskerfis. Athugið að það þarf að vera innskráður á þjónustugáttinni til þess að skoða síðuna. <https://gegnir.freshdesk.com/a/solutions/articles/103000354246?lang=is&portalId=103000091577>

Upplýsingar um skrásetjara

Listi yfir skrásetjara er aðgengilegur fyrir innskráða notendur á þjónustugátt Landskerfis bókasafna

<https://gegnir.freshdesk.com/is/support/solutions/articles/103000354246-skr%C3%A1setjarar>

Í skránni eru ca:

- 142 skrásetjarar
- Skráin inniheldur alls 250 skrásetjara enda eru margir með réttindi á mörgum söfnum



Takk fyrir og
gleðilegt sumar



Landskerfi bókasafna

SARPUR

Menningarsögulegt
gagnasafn

 **Leitir**

 **Rafbókasafnið**